



Öndunarfærasýkingar


Vika 3

15. – 21. janúar 2024

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

COVID-19 (SARS-CoV-2)

Greiningum á COVID-19 fer áfram fækkandi. Í þriðju viku ársins 2024 greindust 22 með COVID-19 (með PCR-prófi eða klínískri greiningu). Hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa hefur einnig lækkað og var tæp 6% í viku 3 (mynd 1).




Mynd 1. Vikulegur fjöldi einstaklinga sem greindist með COVID-19, annaðhvort með PCR-prófi eða klínískri greiningu (vinstri ás), og hlutfall jákvæðra COVID-19 PCR-prófa af heildarfjölda prófa (hægri ás) veturinn 2023–2024 (frá viku 35 2023, um mánaðamótin ágúst–september).


Inflúensa

Greiningum á **staðfestri inflúensu** (greining með PCR-prófi) fer áfram fækkandi. Í þriðju viku ársins 2024 greindist 21 með staðfesta inflúensu (mynd 2). Af þeim greindust fjögur tilfelli af inflúensustofni B en öll hin voru af inflúensustofni A. Inflúensa B leggst oft þyngra á börn en fullorðna.

Klínískum greiningum á inflúensu eða „flensu“ (greiningar læknis án rannsóknar með PCR-prófi) hefur hefur einnig fækkað frá upphafi ársins 2024 (mynd 3).



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga með staðfesta inflúensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.




Mynd 3. Vikulegur fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum veturinn 2023–2024.

RSV og aðrar öndunarfærasýkingar

Fjöldi greininga á RS-veirusýkingu (RSV) virðist hafa náð hámarki fyrir og um áramót en greiningum hefur fækkað á nýju ári. Í viku 3 greindust 17 með RSV (mynd 4), þar af þrjú börn undir eins árs aldri.

Af öndunarfæraveirum, öðrum en inflúensu og RSV, greindust flestir í viku 3 með rhinoveiru (kvef) eða aðrar tegundir kórónuveira en SARS-CoV-2. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#) (undir veirugreiningar).




Mynd 4. Vikulegur fjöldi greindra RS-veirusýkinga veturinn 2023–2024.


Bólusetningar

Þátttaka í **bólusetningum gegn inflúensu** var minni í vetur samanborið við meðalþátttöku vetranna 2018–2023. Einstaklingar 60 ára og eldri eru meðal þeirra sem sóttvarnalæknir mælist til þess að **njóti forgangs við inflúensubólusetningar**. Þátttaka þessa aldurshóps var undir meðaltali framan af vetri en tók kipp í desember vegna bólusetningarátaks heilsugæslustöðva (mynd 5). Heildarfjöldi bólusettra meðal 60 ára og eldri gegn COVID-19 veturinn 2023–2024 er einnig lægri en fjöldi bólusettra á sama tímabili í fyrravetur (mynd 6).


Börn fædd á tímabilinu 1. janúar 2020 til 30. júní 2023, sem hafa náð 6 mánaða aldri þegar bóluset er, eru skilgreind sem forgangshópur fyrir inflúensubólusetningu og eiga rétt á bólusetningu þeim að kostnaðarlausu. Foreldrar eru hvattir til að þiggja bólusetningu fyrir börn sín. Þátttaka þessa aldurshóps veturinn 2023–2024 er talsvert undir þátttöku samanborið við síðastliðinn vetur þegar fyrst var mælt með infúensubólusetningu fyrir þennan hóp (mynd 7).



Mynd 5. Þátttaka einstaklinga á aldrinum 60 ára og eldri í bólusetningum gegn influensu veturinn 2023–2024 samanborið við hlaupandi meðaltal síðustu fimm vetra (frá hausti 2018 til vors 2023). Á myndinni eru einnig sýnd skekkjumörk miðað við 95% öryggisbil.




Mynd 6. Þátttaka einstaklinga á aldrinum 60 ára og eldri í bólusetningum gegn COVID-19 í veturinn 2023–2024 samanborið við sama tímabil veturinn 2022–2023.



Mynd 7. Þátttaka barna undir 5 ára í bóluasetningum gegn inflúensu veturinn 2023–2024 samanborið við undanfarna fimm vetur (frá hausti ársins 2018).

Innlagdir á sjúkrahús

Fjöldi einstaklinga sem lágu á Landspítala með/vegna öndunarferasýkinga jókst í lok árs 2023 og fram í fyrstu viku ársins 2024. Í viku 2 voru talsvert færri inniliggjandi með/vegna öndunarferaveirusýkinga samanborið við vikurnar á undan eða samtals 37 einstaklingar (mynd 8). Ekki liggja gögn fyrir um fjölda inniliggjandi í viku 3.



Mynd 8. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarferasýkingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

Samantekt

Fjöldi greininga COVID-19, inflúensu og RSV hefur farið fækkandi á nýju ári. Af 21 tilfelli staðfestrar inflúensu í viku 3 voru fjögur af inflúensustofni B. Þátttaka forgangshópa í bólusetningum gegn inflúensu og COVID-19 hefur verið minni í vetur samanborið við undanfarin ár.

Staðan í Evrópu

Enn er mikið um öndunarfærasýkingar í Evrópu og áfram er meira um inflúensu samanborið við COVID-19 og RSV. Gögn benda til þess að inflúensa hafi náð toppi í einhverjum löndum en þó er of snemmt að fullyrða það. Fjöldi greininga á COVID-19 og RSV virðist vera á niðurleið í flestum löndum. Í vetur hefur **aukning á greindum öndunarfærasýkingum af völdum *Mycoplasma pneumoniae*** sést hér á landi og víðar í Evrópu. **Í Danmörku stendur nú yfir óvenju stór *Mycoplasma faraldur*** sem hófst í lok október 2023. Sjá frekari upplýsingar [á vef Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins \(ECDC\)](#).

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu. Það er ekki of seint að þiggja bólusetningu hjá heilsugæslu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

